





Hluti af aðalskipulagi Stykkishólms br. samþykkt þann 00.00.2005

Deiliskipulag þetta var samþykkt af Skipulags- og byggingarnefnd Stykkishólms þann 18. MAÍ '05 (MEÐ FYRIRVARA Á GILDISTÖKU, AÐALSKIPULAGSBREYTINGAR, AUGLÝSTA 20. MAÍ Í STJÓRNARTÍÐINDUM.)

[signature]

f.h. Skipulags- og byggingarnefndar

Deiliskipulag þetta, sem fengið hefur meðferð samkv. gr. 25 í lögum nr. 73/1997, var samþykkt í bæjarstjórn þann 26. maí 2005

[signature]

Bæjarstjóri Stykkishólms

BÆJARSTJÓRINN STYKKISHÓLMI

| breytt | dags | teiknað | lýsing |
|---|---|---|---|


Aðalsteinn Snorrason arkitekt faí 161161-2769

Egill Guðmundsson arkitekt faí 270152-6869

Gísli Gíslason arkitekt faí 160657-4809

aðalstræti 6 101 reykjavík
sími 511 2060
fax 511 2066
veffang www.ark.is
netfang arkis@ark.is


# Tjarnarás, Stykkish.

tillaga að deiliskipulagi

skipulagsuppdráttur

| | |
|---|---|
| verkkaupi | Stykkishólmsbær |
| hannað/teiknað | amn |
| yfirfarið/samþykkt | |
| mkv | 1:1000 = A2 |
| dags | 09.02.2005 |

ARKÍS

05-011 (99)1.01

verknr teikning breyt

## GREINAGERÐ OG SKIPULAGSSKILMÁLAR

1. SKIPULAGSSVÆÐIÐ

Skipulagssvæðið afmarkast af Búðanesvegi til vesturs, Tjarnarási til norðurs og Aðalgötu til suðurs og austurs. Svæðið er nokkuð flatt mýrlendi. Stærð svæðisins er 22.413 m². Á svæðinu eru 2 íbúðarhús við Tjarnarhólma 1 og 2.

2. SKIPULAGSTILLAGAN

Í skipulagstillögunni eru 4 deilda leikskóli fyrir 100 börn, með aðkomu frá Búðanesvegi og fjögur einnar hæðar parhús með innbyggðum bílgeymslum með samtals 8 íbúðum, við Tjarnarás.

3. ALMENNIR SKIPULAGSSKILMÁLAR

Húsagerðir eru frjálsar að öðru leyti en því sem mæli- og hæðablöð, skilmálar þessir, byggingarreglugerð og aðrar reglugerðir segja til um.

Íbúðir parhúsa skulu ávalt vera óskiptar eignir ásamt tilheyrandi bílgeymslu.

Þar sem hús eru samtengd skal samræma útlit, þakform, lita- og efnisval. Á aðaluppdráttum skal sýna skipulag lóðar í aðalatriðum, hæðartölur á landi við hús og á lóðamörkum, jafnframt hæðarlínur innan lóðar, skjólveggi á lóð og annað það sem máli skiptir fyrir útlit og fyrirkomulag mannvirkja á lóðinni sbr. 22. gr. byggingarreglugerðar ( 441/1998 ). Einn og sami hönnuður skal vera að samtengdum húsum.

4. SÉRÁKVÆÐI FYRIR EINSTAKA LÓÐIR

4.1. ALMENNT

Skipulagsuppdráttur sýnir í meginatriðum afstöðu bygginga til götu og lóða.
Bílastæðakröfur fyrir íbúðahúsin eru 2 bílastæði á íbúð og 21 bílastæði við leikskóla að lágmarki.

4.2. PARHÚS - R1

Byggingarreitir eru fyrir 4 parhús með samtals 8 íbúðum, sunnan götu við Tjarnarás. Húsin eru einnar hæðar með innbyggðum bílgeymslum.

-Byggingarreitur hverrar íbúðar er 18 x 10 m og útbyggingarreitur til suðurs 4 m djúpur og má lengd útbyggingar ekki vera lengri en 1/2 lengd aðalbyggingar. Heimilt er að nýta allan byggingarreitinn og 50% af útbyggingarreitnum. Heimilt er að byggja skyggni 3 metra út fyrir bundna byggingarlínu.
-Hámarks nýtingahlutfall er 0,3.
-Hámarkshæð aðalbyggingar er 5,4 m yfir gólfkóta aðalhæðar.

4.3. LEIKSKÓLI

Á deiliskipulagssvæðinu er einnar hæða leikskóli. Skilmálar eru frjálsir innan byggingarreits hvað staðsetningu , form og efnisval varðar.
Áætluð stærð leikskólans er allt að 700 m². Staðsetning og form byggingar skal taka tillit til skjólmyndunar á lóð og afstöðu sólar.
-Hámarkshæð hússins er 7,0 m yfir gólfkóta aðalhæðar.